



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LÆKNADEILD



# LÆKNISFRÆÐI



## Læknisfræði

Með kennslu í læknisfræði er stefnt að því að brautskrá læknakandidata með haldgóða undirbúningsmenntun fyrir hvert það framhaldsnám er þeir óska, hvort sem það er sérhæfing í sérgreinum læknisfræðinnar, vísindarannsóknir eða hvoru tveggja. Íslenskir læknar hafa getið sér góðan orðstír og eiga jafnan greiðan aðgang að framhaldsnámi hér heima og við virtar erlendar stofnanir.

## Viltu verða læknir?

Samkeppnispróf til inngöngu í læknisfræði er haldið í júní ár hvert. Allir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi eiga kost á að þreyta prófið sem stendur yfir í tvo daga. Þeir stúdentar sem ná bestum árangri á samkeppnisprófinu öðlast rétt til að hefja nám að hausti. Fjöldi nýnema er ákveðinn út frá áætlaðri kennslugetu sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana sem Læknadeild er í samvinnu við.

**Sjá nánar:** [www.laeknadeild.hi.is](http://www.laeknadeild.hi.is)

## Nám í læknisfræði

### Fyrsta og annað námsár

Á fyrsta og öðru námsári eru kenndar undirstöðugreinar eins og lífræn efnafræði og eðlisfræði. Einnig eru kenndar greinar sem nauðsynlegar eru til þess að skilja starfsemi mannlíkamans; líffærafræði, vefjafræði, frumulíffræði, fósturfræði, lífeðlisfræði og lífefnafræði. Ýmsir þættir læknisstarfsins eru kynntir, t.d. samskipti við sjúklinga, siðfræði og aðferðir til að viðhalda þekkingu.

### Þriðja námsár

Á þriðja ári læra nemendur um ýmsa þætti er truflað geta eðlilega uppbyggingu og starfsemi líkamans og valdið sjúkdómum, meinafræði, ónæmisfræði, veirufræði og sýklafræði og grunn að fyrstu meðferðarúrræðum í formi lyfjagjafa (lyfjafræði). Í lok þriðja árs er 12 vikna rannsóknatími þar sem læknemar vinna að sjálfstæðum rannsóknum undir handleiðslu kennara. Margir nemendur kjósa að vinna verkefnið erlendis og geta m.a. farið



sem skiptinemar til Norðurlandanna eða annarra landa í Evrópu á vegum Nordplus eða Erasmus. Nemendur geta einnig dvalið erlendis sem skiptinemar á öðrum tímabilum í náminu. Eftir þriggja ára nám í læknisfræði hefur nemandi lokið BS-prófi.

### Fjórdða námsár

Á fjórða ári færast námið inn á Landspítala (LSH) og eru læknemar í nánnum tengslum við dagleg störf þar. Nemendur læra að skrá sjúkrasögu og skoða sjúklinga, gera grein fyrir vandamálum þeirra og aðferðum lyflæknis- og skurðlæknisfræði. Einnig eru haldin námskeið um háls-, nef- og eyrnasjúkdóma, myndgreiningu og meinafræði.

### Fimmta námsár

Á fimmta ári fer fram bóklegt og verklegt nám í taugasjúkdómum, geðsjúkdómum, barnasjúkdómum, fæðinga- og kvensjúkdómum, augnsjúkdómum, húð- og kynsjúkdómum auk erfðalæknisfræði.

### Sjötta námsár

Á sjötta námsári er m.a. kennd heimilislæknisfræði, svæfingalæknisfræði, krabbameinslæknisfræði, heilbrigðisfræði og endurhæfingarlæknisfræði. Þá er einnig fjallað um gæðamál, stjórnun, gagnagrunna o.fl. Á vormisseri er skipulagt valtímabil þar sem nemendur geta valið að kynna sér sjúkrahúsdeildir, heilbrigðis- og rannsóknastofnanir, allt eftir eigin áhugasviði með tilliti til framhaldsnáms. Náminu lýkur með stöðluðu bandarísku prófi frá National Board of Medical Examiners (NBME): The Comprehensive Clinical Science Examination (CCSE).

### Rannsóknartengt framhaldsnám

Yfir 100 nemar leggja stund á rannsóknartengt meistara- og doktorsnám í líf- og læknávisindum við Læknadeild. Í boði er tveggja ára nám til meistaraþrófs í líf- og læknávisindum að loknu BS-prófi eða sambærilegu prófi. Doktorsnám er þriggja til fimm ára fræðilegt og verklegt rannsóknartengt nám að loknu meistaraþrófi eða sambærilegu prófi.

**Sjá nánar:** [www.laeknadeild.hi.is](http://www.laeknadeild.hi.is)


## Kandídatsár

Að loknu lokaprófi (cand. med.) tekur við kandídatsárið sem felst í starfsþjálfun á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Ljúka þarf því til að uppfylla skilyrði til að öðlast almennt lækningaleyfi. Flestum læknum þykir nauðsynlegt að afla sér frekari framhaldsmenntunar og í flestum sérgreinum er nauðsynlegt að fara utan til að ljúka sérnámi. Framhaldsmenntun er einkum sótt til Norðurlandanna eða Bandaríkjanna en einnig til Bretlands, Hollands, Kanada, Þýskalands og Nýja-Sjálands.

## Félag læknanema

Félag læknanema vinnur að hagsmunamálum nemenda og stendur fyrir reglubundnum félagsfundum. Félagið kemur að margvíslegum verkefnum í samráði við samstarfs- og undirfélög. Þau eru meðal annars kennsla læknanema, kynfræðsla og skyndihjálp í framhaldsskólum, málþing, bangaspítali, stúdentaskipti á vegum alþjóðlegra samtaka læknanema og fleira. Einnig miðlar félagið auglýsingum um ýmis störf í heilbrigðiskerfinu til félagsmanna.

**Sjá nánar:** [www.laeknanemar.is](http://www.laeknanemar.is)



## Læknadeild

Læknadeild Háskóla Íslands var stofnuð árið 1911 og er ein elsta deild skólans. Í deildinni er nú kennd læknisfræði, geislafræði, lífeindafræði, sjúkrabjálfun, heilbrigðisgagnafræði og talmeinafræði. Kennarar í Læknadeild eru einnig öflugir vísindamenn í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi og birta niðurstöður rannsókna sinna í alþjóðlega viðurkenndum fræðiritum.

Læknadeild er ein sex deilda Heilbrigðisvísindasviðs ásamt Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

### Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi í rannsóknum og nýsköpun á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki við menntun heilbrigðisstarfsfólks hér á landi.

### Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnanir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

### Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinnra fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafólk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

---

Læknadeild · Læknagarði, 4. hæð · Vatnsmýrarvegi 16, · 101 Reykjavík · Sími: 525 4881 · [medicine@hi.is](mailto:medicine@hi.is)

[www.laeknadeild.hi.is](http://www.laeknadeild.hi.is)

---



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LÆKNADEILD